

Dráttarvextir, vanskil og lokanir. Selfossveitum bs. er heimilt að reikna dráttarvexti á van-göldna reikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda, eða honum gerð grein fyrir beitingu þeirra á annan hátt.

Selfossveitur hafa rétt til að stöðva orkuafhendingu úr veitukerfi að húsveitu, hafi notandi viðkomandi húsveitu vanrækt að greiða orkugjöld samkvæmt reikningi þar um. Orku-reikningur er í vanskilum hafi hann ekki verið greiddur fyrir eða á eindaga. Fyrirætlun um stöðvun orkuafhendingar ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilum veldur samkvæmt taxa þar um.

Lögtaksheimild. Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má innheimta með fjárnámi á kostnað gjaldanda.

Staðfesting. Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt eru úr gildi felldar eldri gjaldskrár sama efnis nr. 238/1995 og nr. 250/1995 fyrir veitusvæði Selfossveitna bs., með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 13. október 1997.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Steinunn Bjarmann.

Nr. 584

REIKNINGUR

Bjargráðasjóðs fyrir árið 1996.

Sameinaður rekstrarreikningur.

Fjármunatekjur:	kr.
Vaxtatekjur og verðbætur	<u>8.950.131</u>
Fjármunatekjur alls:	<u>8.950.131</u>
Fjármagnsgjöld:	
Vaxtagjöld	219.903
Reikn. gjöld v/verðlagsbreytinga	<u>2.977.285</u>
Fjármagnsgjöld alls:	<u>3.197.188</u>
Hreinar fjármunatekjur:	<u>5.752.943</u>
Aðrar tekjur:	
Framlag sveitarfélaga	23.210.746
Framlag ríkissjóðs	30.000.000
Gjald af söluv. landbúnaðarins	<u>38.912.925</u>
Aðrar tekjur alls:	<u>92.123.671</u>
Tekjur alls:	<u>97.876.614</u>

Styrkveitingar:

Styrkir	<u>101.443.794</u>
Styrkveitingar alls:	<u>101.443.794</u>
Hreinar tekjur (gjöld) fyrir rekstrargjöld	<u>(3.567.180)</u>

Rekstrargjöld:

Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði	13.187.081
Rekstrarkostnaður húsnæðis	1.498.870
Sérkostnaður	2.779.513
Innheimtulaun búvörugjalds	778.258
Afskriftir	<u>408.206</u>
Rekstrargjöld alls:	<u>18.651.928</u>
Tap ársins:	<u>(22.219.108)</u>

Sameinaður efnahagsreikningur þann 31. desember.**Eignir.****Veltufjármunir:**

	kr.
Bankainnstæður	140.842.477
Aðrar skammtímakröfur	<u>153.462</u>
Veltufjármunir alls:	<u>140.995.939</u>

Fastafjármunir:

Varanlegir rekstrarfjármunir:	
Áhöld	283.617
Fasteignir	<u>12.779.006</u>
Fastafjármunir alls:	<u>13.062.623</u>
Eignir samtals:	<u>154.058.562</u>

Skuldir og eigið fé.**Skammtímaskuldir:**

	kr.
Ógreiddir styrkir	0
Viðskiptaskuldir	666.444
Séreignadeild	0
Aðrar skammtímaskuldir	<u>3.074.817</u>
Skammtímaskuldir alls:	<u>3.741.261</u>

Eftirlaunaskuldbinding 12.310.000

Skuldir alls: 16.051.261

Eigið fé:

Endurmatsreikningur	156.555.482
Ójafnað tap	<u>(18.548.181)</u>
Eigið fé alls:	<u>138.007.301</u>
Skuldir og eigið fé samtals:	<u>154.058.562</u>

Áritun endurskoðanda.

Ég hef endurskoðað ársreikning Bjargráðasjóðs fyrir árið 1996. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð mín felst í því álitum sem ég læt í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber mér að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin felur í sér athuganir á gögnum með úrtakskönnunum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Ég tel að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit mitt á.

Það er mitt álit að ársreikningurinn gefi glögga af afkomu sjóðsins á árinu 1996, efnahag hans 31. desember 1996 og breytingu á handbæru fé á árinu 1996, í samræmi við lög, samþykktir sjóðsins og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 17. apríl 1997.

Gísli Guðmundsson, löggiltur endurskoðandi.

Staðfesting ársreiknings.

Reykjavík, 11. júní 1997.

Sesselja Árnadóttir.
Guðbjartur Gunnarsson.
Hörður Harðarson.

Ríkhart Brynjólfsson.
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson.

Áritun framkvæmdastjóra.

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri.

Birgir L. Blöndal
aðstoðarframkvæmdastjóri.

Nr. 585

16. október 1997

REGLUGERÐ**um (1.) breytingu á reglugerð um tæknifrjógvun nr. 568/1997.**

1. gr.

1. og 2. másl. 1. mgr. 16. gr. orðist svo:

Hámarksgeymslutími fósturvísa er fimm ár. Að fimm árum liðnum skal eyða ónotuðum fósturvísam.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 13., sbr. 3. og 10. gr. laga nr. 55/1996 um tæknifrjógvun, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 16. október 1997.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Guðríður Þorsteinsdóttir.